

Forsætisráðuneytið  
b.t. Skrifstofu jafnréttismála  
Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg  
101 Reykjavík

[for@for.is](mailto:for@for.is)

Reykjavík, 5. október 2021

**Mál: Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa**

Samtök atvinnulífsins (SA) tóku þátt í vinnu starfshóps um endurmat á virði kvennastarfa og gerðu athugasemdir um aðferðarfræði og tillögur starfshópsins. Samtökin áskildu sér rétt til að koma athugasemdum á framfæri, eins og fram kemur í inngangi skýrslu starfshópsins.

SA eru að sjálfsgöðu sammála því að laun fyrir störf, þar sem konur eru í meirihluta, sé metin rétt í samræmi við virði þeirra og eru tilbúin að taka þátt í að þróa leiðir svo þeim markmiðum verði náð. SA telja hins vegar óhjákvæmilegt að fara aðrar leiðir við mat á störfum en lagt er til í skýrslu starfshópsins.

Athugasemdir SA eru margþættar og lúta m.a. að eftirtöldum atriðum:

- 1) Starfshópnum var í skipunarbréfi sniðinn of þröngur rammi með fyrirframgefnum forsendum. Gefa hefði átt starfshópnum víðtækara umboð til tillögugerðar.
- 2) Óframkvæmanlegt er að styðjast við eitt matskerfi við mat á virði starfa þvert á vinnumarkað. SA leggur áherslu á að samstaða náist meðal aðila vinnumarkaðarins, hvaða þættir skapi virði starfa áður en farið verði í að þróa samræmt virðismatskerfi fyrir opinberan markað.
- 3) Samningaleið um jafnlaunakröfur og mögulegar leiðréttingar eru aðeins mögulegar ef fyrir fram liggur fyrir einróma samþykki, skuldbinding og samstaða milli allra viðsemjenda á vinnumarkaði að standa vörð um þær.
- 4) Niðurstöður tölfræðimælinga eru í skýrslunni túlkaðar með mjög afgerandi hætti sem er andstætt hefðbundnum túlkunum í tölfræðilegum rannsóknum.

Endurmat á virði kvennastarfa hlýtur að fela í sér endurmat á virði starfa, óháð kyni. Ef meta á störf sérstaklega til hærri launa á þeim grundvelli að konur sinna þeim frekar en karlar er hætt við að um það náist ekki sátt á vinnumarkaði. Það sýna fyrri tilraunir ríkis og sveitarfélaga. Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna og því óhjákvæmilegt, ef ná á fram sérstakri hækkun launa tiltekinna kvennastarfa og viðhalda henni, að breið sátt náist fyrst á meðal heildarsamtaka launafólks, BHM, BSRB, ASÍ og leiðandi stærri stéttarfélaga annars vegar og viðsemjenda þeirra á vinnumarkaði hins vegar. Núgildandi fyrirkomulag við gerð kjarasamninga, þar sem hver hópur rekur sjálfstæða kjarastefnu og framfylgir henni með verkföllum, vinnur gegn sátt á vinnumarkaði um virði starfa. Forsenda og fyrsta skref breytinga er að framangreindir fulltrúar launafólks skuldbindi sig til samstarfs og samvinnu og að vinnulöggjöfinni verði breytt til að styðja við endurbætur og framþróun vinnumarkaðarins.



## Nánar um athugasemdir SA

Vinna starfshópsins byggði á kjarasamningi milli ríkis og sveitarfélaga annars vegar og tiltekinna aðildarfélaga BSRB hins vegar en þar sem ályktanir og tillögur geta haft áhrif á allan vinnumarkaðinn áttu SA einnig aðild að starfshópnum. Í skipunarbréfi hópsins er gengið út frá þeirri forsendu að tillögur um aðgerðir „skulu hafa að leiðarljósi að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta.“ SA gera athugasemdir

við þær fyrirframgefnu forsendur sem hópnum var gert að vinna eftir skv. skipunarbréfinu. Það er álit SA að skoða hefði átt nánar hvaða þættir hafi áhrif á launamyndun og verðmætamat starfa sem kvennastéttir inna af hendi og ná betri samstöðu áður en ráðist var í tillögugerð sem miðar að stórfelldum kerfisbreytingum sem ekki eru framkvæmanlegar eins og vinnumarkaðurinn er skipulagður í dag.

SA gera athugasemdir við tillögu um þróunarverkefni þar sem markmiðið er að meta virði starfa þvert á opinberan vinnumarkað. SA telja það óvænlegt að meta virði starfa þvert á vinnumarkað með kerfisbundnum hætti og með einni aðferð. SA telja í raun að slíkt sé illmögulegt, atvinnugreinar eru fjölbreyttar og störf ólík og ógerningur að styðjast við eina samræmda aðferð við mat á ólíkum störfum þvert á vinnumarkað. Í skýrslunni er vísað til starfsmats sveitarfélaga sem fyrirmynd. SA benda hins vegar á að starfsmat sveitarfélaga er ekki eina kerfið sem metur virði starfa en það hefur verið töluvert gagnrýnt t.d. hvað varðar ógagnsæi, flækjustig, það taki aðeins mið af grunnlaunum en mæli ekki frammistöðu starfsfólks, markaðsaðstæður, starfsreynslu og viðbótarhæfni eða þekkingu. Ekki er einhugur um, meðal aðila vinnumarkaðarins, hvaða þættir skapa virði starfa né heldur hvert vægi þeirra er sbr. t.d. nýlegar deilur forsvarsmanna BHM og SGS í fjölmiðlum. Því hefði verið nær að tillögur starfshópsins hefðu snúið að því að leggja mat á hvaða þættir t.d. m.t.t. atvinnugreina og annarra sjónarmiða hafa áhrif á launamyndun og mynda virði starfa. SA benda á að launahlutföll á íslenskum vinnumarkaði ráðast að miklu leyti af markaðsaðstæðum, af hundruðum þúsunda ákvarðana hjá 20 þúsund launagreiðendum á hverju ári þar sem ákvarðanir eru annars vegar teknar af markaðsástæðum og hins vegar af mati launagreiðenda á virði einstakra starfa fyrir viðkomandi stofnanir og fyrirtæki, sem getur verið mjög ólíkt.

SA gera athugasemdir við að þróuð verði samningaleið um jafnlaunakröfur einstaklinga og stéttarfélaga að nýsjálenskri fyrirmynd. Það eitt að velja Nýja-Sjáland sem fyrirmynd kemur á óvart enda er skipulag vinnumarkaðar þar í landi gjörólíkt því sem gerist á Norðurlöndunum, stéttarfélagsaðild er þar innan við 17% og lágmarkslaun ákvörðuð af stjórnvöldum á grundvelli laga. SA telja hér vera um róttækar kerfisbreytingar á íslenskum vinnumarkaði að ræða án þess að ítarleg skoðun á mögulegum áhrifum og afleiðingum, til að mynda á kjarasamninga hafi farið fram. Til þess að mögulegt sé að ráðast í viðlíkar kerfisbreytingar og þessi tillaga gengur út á þyrfti, að mati SA, að eiga sér stað dýpra samtal atvinnurekenda og allra stéttarfélaga um þessa leið svo sátt næðist um. Í tillögunum kemur fram að tryggja skuli að þar sem leiðrétting á kjörum kvennastétta hafi átt sér stað verði leiðréttingunni viðhaldið. Í þessu sambandi benda SA á að í október 2012 samþykkti þáverandi ríkisstjórn sérstaka áætlun til að draga úr launamun kynja með aðgerðum sem sneru að ríkinu sem atvinnurekanda. Þann 21. janúar 2013 samþykkti ríkisstjórnin að veita fjármagni til stofnanasamninga á heilbrigðisstofnunum í nafni „jafnlaunaátaks“. Gengið var út frá ákveðnum forsendum við mat á því hversu há upphæðin þyrfti að vera og til hvaða stéttarfélaga átakið næði en niðurstaðan var að veita 4,8% aukalega til stéttarfélaga með 67% hlut kvenna. Ekki liggur fyrir, svo kunnugt sé, greining á því hvernig til tókst. Því er haldið fram af þeim sem stóðu að framkvæmdinni að stefnan hafi ekki gengið eftir og að þau stéttarfélög sem ekki áttu að njóta þessarar sérstöku hækkunar sóttu hana undir öðrum formerkjum. Það liggur í hlutarins eðli að leiðréttingar á kjörum einstakra stétta eru óframkvæmanlegar nema fyrir fram liggja fyrir einróma samþykki, skuldbinding og samstaða milli allra viðsemjenda á vinnumarkaði að standa vörð um þær, en því er ekki að heilsa.

Að lokum gera SA athugasemdir við hagfræðilega nálgun og skort á tölfræðilegum áreiðanleika í skýrslu starfshópsins. Niðurstöður tölfræðimælinga eru í skýrslunni túlkaðar með mjög afgerandi hætti sem er andstætt hefðbundnum túlkunum í tölfræðilegum rannsóknnum. Dæmi um hagfræðilega nálgun sem SA eru

með öllu ósammála er umfjöllun og það vægi sem heildarlaun og óleiðréttur launamunur fá í skýrslunni. SA telja marklaust að horfa til launamunar án þess að leiðréttu a.m.k. fyrir ólíku vinnuframlagi og mismunandi verðmæti unninna yfirvinnu- og dagvinnustunda. SA benda einnig á að skiptar skoðanir eru um hvaða skýribreytur kunna að fela í sér mismunun og mótmæla því að notast eigi við óleiðréttan launamun. SA hafna þeirri fullyrðingu sem sett er fram í skýrslunni að þegar reynt sé að skýra kynbundinn launamun með of mörgum breytum þá sé hætt við að breyturnar sjálfar feli í sér mismunun og launamunurinn þá vanmetinn. SA benda á að þó svo að leiðréttur launamunur sé skárri mælikvarði en óleiðréttur þá beri að túlka hann með fyrirvara eins og bent er á í nýútkominni skýrslu Hagstofunnar um launamun karla og kvenna.<sup>1</sup> SA benda á að meðaltals launamunur milli kynja hefur farið minnkandi á undanförunum árum.

SA hafa lagt áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins nái samstöðu um hvaða þættir t.d. m.t.t. atvinnugreina og annarra sjónarmiða mynda virði starfa áður en ráðist er í þróunarverkefni á mat á virði starfa þvert á vinnumarkað sem og þróun á nýrri samningaleið um jafnlaunakröfur. Þannig telja SA nauðsynlegt að skoða með ítarlegri hætti, en gert er í skýrslunni, hvaða áhrif slíkar tillögur hafa á launamyndun og kjarasamninga. SA leggja enn fremur áherslu á að skoða betur fleiri leiðir sem aðrar þjóðir hafa farið við endurmat á virði kvennastétta, hvaða þættir voru vanmetnir og hugsanlegar leiðir til leiðréttinga. Einnig telja SA nauðsynlegt að viðtæk sátt verði að nást um mögulegar leiðréttingar milli allra aðila vinnumarkaðarins þ.e. allra stéttarféлага og atvinnurekenda t.d. með skuldbindingu að hálfu stéttarféлага að virða þær við gerð kjarasamninga til allrar framtíðar.

SA leggja til að helstu hlutverk aðgerðarhópsins verði:

- Að halda utan um þróunarverkefni, sem einskorðast við opinberan vinnumarkað, um virðismat starfa í þeim tilgangi að stuðla að framþróun og aukinni þekkingu á vinnumarkaði við framkvæmd virðismats á störfum. Nauðsynlegt er að greina áhrif slíks þróunarverkefnis á kjarasamninga.
- Að greina íslenskan vinnumarkað út frá kynjum og hvaða kvennastörf/kvennastéttir séu hugsanlega vanmetin og í hvaða þáttum slíkt vanmat felist. að auka og þróa fræðsluefni til að auka skilning á hinum fjölbreyttu birtingarmyndum launamisréttis.
- Að vera vettvangur þvert á vinnumarkaðinn þar sem fylgst er með þróun jafnlaunamála, héraendis sem og á alþjóðavettvangi.
- Að skoða og leggja mat á þær leiðir sem aðrar þjóðir hafa farið við endurmat á virði kvennastétta og hugsanlegar leiðir til leiðréttinga.
- Að leggja til hvornig best væri að tryggja að hugsanlegar leiðréttingar á kjörum kvennastétta verði viðhaldið t.d. með skuldbindingu að hálfu stéttarféлага að virða þær við gerð kjarasamninga.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson

<sup>1</sup> [Launamunur karla og kvenna dregst saman - Hagstofa Íslands](#)